

DAGBOK- ARBROT FRÁ BALI

EFTIR

SVEIN EINARSSON

Á Bali ríkir hindúismi, en svo er ekki á öllum eyjunum. Hversu margir gera sér grein fyrir að Indónesía er fjölmennasta múhameðstrúarríki í veröldinni? Þar búa yfir 200 milljónir múslima, og hindúismi Balibúa er undantekning.


BALI. Bali í ævintýraljóma. Allir að dansa frá morgni til kvölds. Og hvað vissi ég meira? Suðurhafseyja með sólgylta strönd. Sjálfstaoð? Nei, tilheyrir Indónesíu, ein af þeim eins og Java, Borneo, Súmatra, Celebes að ógleymdri Tímor sem vill verða óháð og er alltaf í fréttunum. Reyndar eru eyjarnar sagðar 13.000 ef allt er talið, það segja þeir sem þykjast hafa talið. Minnir mig á þegar ég spurði þá Skáleyjabræður, hvað þeir áttu margar eyjar á Breiðafirði? – Það fer eftir flóði og fjöru, sögðu þeir. Það munandi 40 eyjum. Stór? Svona í meðallagi, minni en Ísland, hvað sem tautar og raular, reyndar minna en Sjaland, eiginlega bara lítil, ekki nema 5.600 ferkílómetrar. Vissi ég það? Vissi ég hvað margir búa þar? Satt að segja ekki. En það upplýstist þá hérmeð, að það eru rúmlega þrjár milljónir. Með öðrum orðum mjög þéttbýlt. Það er auðvelt að sanna, ef

– Já.
Samtali um hringrás lífríkisins lokið.


3.

Það er ekki alltaf sól. Satt að segja er hún svo sterk, þegar hún brosir og skín, að manni er nóg að halda sig undir sólhlíf og verður samt kaffibrúnn. Þessu vildi ekki trúa ein íslensk ferðakona (ekki í mínu föruneyti, því að við kona mín förum í einu og öllu eftir því sem frænka mín segir). Þessi umrædda ferðakona fékk sér tvo væna og glemnti sig svo upp í geiminn. Eftir hálf tíma varð að kalla á brunahljóð.


Nei, það er ekki alltaf sól. Satt að segja er regntími núna og ég kann því vel. Regnið fellur lóðrétt til jarðar, þetta líka magnið, fossar niður væri nær lagi að segja. Það er eins og maður standi undir bununni á Seljalandsfossi. Hrisgrjónaakurinn hér handan við garðinn breytist í stöðuvatn. Svo ljúka hjinnarnir sér af með offorsi. Styttir snögglega upp og sólin



Burobadur-hofið er eitt af undrum voraldar.



af og þeir sárast, en eru læknadír með laufum hibiscus-runnanna. Fólk sem við hittum þar það sem sunnar frásagnir herma, að sverðadansarnir eigi það til að falla í raunverulegan trans og þá sé upplifun áhorfandans ógvænleg. Það gerðist nú ekki í þetta sinn, persóna sem þer heitið *pemangku* úðar heilögu vatni yfir dansarana sem þá óðlast nýtt líf, en öllu lýkur svo með því að skvett er blöndu af fersku kjókl-ingabíóði og okemilegu áfengi í illu andana svo þeir hafi hegt um sig. Því að sannleikurinn er sá að, að leiknum lýkur með



Indónesískar godsögur, höggvar í stein, prýða mörg hof.

rikur og byggður á ótal smáatritum líkt og hjá Breughel, en þó algjörlega einstakur og endurspeglar á listrænan máta þá fegurðarþrá sem birtist á svo margvíslegan máta í umhverfinu á Bali. Söfnin í Ubud eru mörg, þeirra á meðal Neka, sem er eins konar þjóðarsafn. Við veljum listasafnið hans Agung Rai sem er mikill menningarfrömuður og hugsjónamaður, því ekki er nóg með að hann hafi komið upp safni þar sem gefa frábært yfirlit yfir list aðkomumannanna heldur er þar og sannilega besta safn af Ballist frá því fyrir aldamót fram á okkar dag. Það vekur eftirtekt okkar að nokkrir listamannanna eru tilgreindir með Ida Bagus, sem tákna að þeir tilheyri stótt prestanna, Brahmana.

— Hindegja fórinn við að heimsækja nútímalistamann af holdi og blóði. Hann er feiminn maður og ófleoðugur með gróðurlega mikinn svartan hárbósk og heitir Yan Suryana og er frá Jövu. Kona hans, Rosemarie, er austurrísk, og það er hún sem sér um að halda hinu daglega saman. Hún hafði starfað fyrir ferðaskrifstofu, hitti þennan efnilega málara á einhverri ráðstefnu og tilvera hennar tók nýja stefnu. Hann er bagur á allt sem hann snertir svo að þau hafa komið sér upp myndarlegu húsi mest með hans eigin höndum, eiga tvö gullfalleg börn, og nú vinnur Rosemarie að því fyrst og fremst að gera mann sinn heimsfrægan. Og frægd á hann skilið, ekki síður en margur annar, því að þetta er framúrskarandi listamaður með

og þröföld merking. Það var í þessu leikhúsi sem Bandamennirnir mínir áttu að sýna á leið sinni frá Austurláti í fyrri, ef af þeirri ferð hefði orðið. En nú er búið að ámalga við Bandamenn að koma til Tasmaníu árið 2001, svo að hver veit?

11.

Dagarnir skiptast sem sagt í athafnadag og letidaga. Í dag er letidagur. Og nú stendur til að kanna hið svokallaða ljúfa líf ferðamannanna. Ferðamannahótelin eru aðallega á þremur ströndum. Sú sem almennt þykir hvað best og reyndar byggðast fyrst er í Sanur og þar eru bæði fyrsta flokka hótél eins og Hyatt, þar sem ströndin þykir best og Grand Bali og önnur í haverskara máta. Þarna er svolítið lífligt og



Þóra Kristjánsdóttir í garði Sigrúnar.

Og svo eru þessar tvær vikur á enda. Lokakvöldið ætlum við að kynnast enn einni hefðinni í menningu eyjarskegga – skuggaleiknum. Í þetta sinn eru engir ferðamenn og við erum einu útlendingarnir sem fá að vera með. Því að þetta er seremónía ínafæðra og skuggaleikurinn er liður í hátíðinni, hápunktur að visu. Við erum dálítið lengi að finna þorpið sem er nálægt suðurströndinni, en þegar það tekst tekur á móti okkur múgur og margmenni og það er 17. júnístemming. Sitthvað matarkyns og drykkjar er til sölu í sölubúðum en á aðalsviðinu er hafinn undirbúningur að Wayang kulit – skuggaleiknum – en því hefur verið haldið fram, að engin af öllum leik – og dans-hefðum Balla sé eldri né segi meira um viðhorf Balibúa til þessa heima – og hins næsta. Og engin þessara hefða er vinsælli. Allt þorpið er komið á staðinn, börn og fullorðnir og það er eftirvænting í loftinu. Við fátum ágtæt sæti andspenis sviðinu á hördum steinbökk og bakvið okkur sitja nokkrir spekingar úr þorpinu í hring og skrafa hátt. Þeirra á meðal er sjálfur dalang-skuggaleikurinn. Þessi dalang er kvæntur ítalskri vinkonu Sigrúnar og þykir sé alfarasti um þessar mundir, að því er okkur er hermt. En nú situr hann hinn rólegasti og er sannilega að ræða þjóðmálin – kosningar á morgun. En til hliðar við aðalsviðið er annað svið minna. Þar sitja fimm menn og fremja óna konar seið, þýlja upp í heilan klukkutíma forna texta á máli sem okkur er sagt að enginn viðstaddra skilji. Þetta hefur þó sín áhrif að koma okkur í rétt hugarástand áður en leikurinn hefst.

Fróðir menn segja, að til séu einar 12 tegundir af skuggaleik og sumir henti við ákveðin tækifæri eins og brúðkaup og aðrir til að komast í samband við anda undirdjúpanna. Algengast er þó að segja sögur úr Mahabarata eða Ramayana og það er einnig þetta kvöld. Og líkt og í Barongleiknum skiptast þarna á spennuatriði og gamansöm.

Leikurinn hefst reyndar nokkuð seint og yngstu áhorfendurnir eru sofnaðir allt í kringum okkur. En þegar dalang hefur upp raust sína, beinast allra sjónir og heyrnir að honum. Wayang þýðir skuggi og kulit leður, brúðurnar eru sem sagt skornar í svart leður og flatar, en skugginn kemur af því að bregða þeim fyrir ljósið sem fellur upp á skerminn að aftan úr olulampa úr kókoshnetu.

Þó að þarna séu aðstodarmenn og nokkrir hljóðfæraleikarar, er það snilli dalangsins sem gerir gæfumanninn. Til hans eru gerðar fjölbreyttar